

Nema hvað?

Upplýsingarit fyrir nemendur Borgarholtsskóla 10. janúar 2012

Sæll, ágæti nemandi og gleðilegt nýtt ár!

Við hvetjum nemendur til að fá sér læstan skáp hjá umsjónarmönnum hússins og geyma þar verðmæti, s.s. bækur, tölvu, skó og fatnað.

Frestur til að sækja um **P áfanga** rennur út **fim. 12. janúar og mið. 18. janúar** lýkur **fresti til að segja sig úr áfanga**. Munið að leita svara við P umsóknum á skrifstofunni.

Þeir sem **útskrifast í vor** þurfa að skrá sig á útskriftarlista á skrifstofunni eigi síðar en **föstudag 20. janúar**.

Töflubreytingum er lokið. Nemendur eru hvattir til að skoða stundatöflur sínar í Innu. Ef lykilorð að Innu tapast má sækja nýtt með því að smella á „Gleymt lykilorð“ sem kemur þá í tölvupósti.

Ef **virkt netfang** er ekki skráð í Innu má fá **nýtt lykilorð** á skrifstofunni gegn vægu gjaldi.

Góð mæting skiptir höfuðmáli. Brotthvarf nemenda á síðustun önn var 3,5% sem er minna en nokkru sinni. Með aukinni aðsókn að skólanum hefur þeim fjölgað sem missa plássið sitt vegna slakrar mætingar. **95% og hærri raunmæting gefur 1 einingu. Raunmæting: nemandi er mættur eða ekki mættur**, án tillits til ástæðu fjarveru.

Mundu að þú eða forráðamaður þarf að tilkynna hvern veikindadag í síma 5351717 á milli kl. 8:00 og 10:00.

Íþróttir eiga að vera á stundaskrá nemenda. Hafðu samband við íþróttakennara ef þær vantar eða ef þú óskar breytinga á þeim.

Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 8-16:30 og föstudaga kl. 8-15. Á safninu er góð lestrar- og hópvinnu-

aðstaða. Einnig er hægt að ljósrita þar og vinna í tölvum þar sem nemendur sem vinna skólaverkefni hafa forgang. Safnið á eintak af öllum kennslubókum. Þær eru aðeins lánaðar í kennslustund eða yfir nótt/helgi. Aðrar bækur er hægt að fá lánaðar í tvær vikur.

Námsráðgjafar eru **Ágústa og Óttar** sem bæði eru til þjónustu reiðubúin. Nemendur sem eiga í erfiðleikum, annaðhvort í námi eða einkalífi, geta leitað til þeirra. Þau eiga ráð undir rífi hverju.

Eiríkur býður þeim **dyslexíuráðgjöf** sem þurfa. Hann er í stofu 318.

Tóbaksnotkun af hvaða tagi **er bönnuð í skólanum** og á skólalóð. Hjálpið okkur að framfylgja þessum reglum og **losna við óþrif og óhollustu** sem fylgja tóbaksnotkun. Munum að **BHS** er **heilsueflandi skóli**.

Umgengni í matsalnum má alltaf bæta. Við skiljum við borðin með sama hætti og við viljum koma að þeim. Í mötuneytinu er í boði hollur og góður matur og kaffibrauð. Heitur matur er alltaf í hádeginu og kostar kr. 850 en 10 miða matarkort kr. 8000 og 20 miða kort á kr. 15.000, ein máltíð í afslátt. Fylgstu með framboðinu og borðuðu hollan mat.

Strætó býður nemendum BHS afslátt á farmiðum. Farmiða má kaupa á netinu (www.straeto.is; Kaupa kort, Nema kort). Miðarnir eru afhentir á skrifstofu skólans þremur virkum dögum eftir kaup.

Bílastæðið er rúmt en bílar eru margir! Ökum gætilega um bílastæðið og sýnum gangandi vegfarendum tillitsemi. Bílar, sem lagt er ólöglega, verða fjarlægðir á kostnað eiganda.

Með ósk um góðan námsárangur á vorönn, Ingi Bogi Bogason, aðstoðarskólameistari